

Reglur um launað námsleyfi fyrir starfsmenn Garðabæjar

1. gr.

Í þeim tilgangi að skapa starfsmönnum Garðabæjar möguleika á að afla sér viðbótarþekkingar sem nýtist á sérsviði þeirra í starfi hjá bæjarfélaginu og með vísan til heimildarákvæða þess efnis í kjarasamningum samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi verklagsreglur um launað námsleyfi.

2. gr.

Starfsmaður sem uppfyllir ákvæði um heimild til að fá launað námsleyfi skv. þeim kjarasamningi sem hann þiggur laun eftir skal eiga kost á að sækja um slíkt leyfi. Hámarks lengd leyfis ákvarðast af rétti starfsmanns skv. kjarasamningi viðkomandi en getur þó aldrei orðið meira en eitt ár. Starfsmenn geta einnig sótt um leyfi til skemmri tíma. Heimilt er að skipta leyfinu á tvö skólaár.

3. gr.

Umsóknir um námsleyfi skulu sendar mannauðsstjóra Garðabæjar fyrir 1. apríl ár hvert og stefnt skal að því að þar til bærir starfsmenn afgreiði leyfisumsóknir fyrir 15. ágúst ár hvert. Umsóknum skal skilað á viðeigandi eyðublaði

Fjöldi samþykktra námsleyfa ræðst af fjölda umsókna, lengd samþykktra leyfa og fjárveitingu úr bæjarsjóði hverju sinni. Gert er ráð fyrir að á fjárhagsáætlun verði árlega varið fjárhæð sem nemur einu stöðugildi til þess að veita starfsmönnum Garðabæjar launað námsleyfi.

4. gr.

Við mat á umsóknum skulu eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar:

- Mikilvægi námsins fyrir starf stofnunarinnar/bæjarfélagsins.
- Umsögn yfirmanns stofnunar sem viðkomandi starfar hjá skal liggja fyrir.
- Starfsaldur umsækjanda.
- Aðgengi starfsmanns að launuðu námsleyfi annars staðar, svo sem hjá stéttarfélagi.
- Fyrri umsóknir viðkomandi starfsmanns um námsleyfi.

5. gr.

Starfsmaður sem fær launað námsleyfi fær greidd föst mánaðarlaun í þeim launaflokki er hann tekur laun eftir, en annar kostnaður svo sem ferða- og námskostnaður er ekki greiddur. Laun í námsleyfi miðast við föst laun og meðaltal starfshlutfalls þann tíma er rétturinn vannst á, hafi starfsmaður eigi verið í fullu starfi allan tímann.

6. gr.

Að námi loknu skili styrkþegar prófskírteini, vottorði um námslok og/eða skriflegri greinargerð til viðkomandi yfirmanns og mannauðsstjóra um hvernig námsleyfi var varið. Þessi gögn berist eigi síðar en 3 mánuðum eftir að launagreiðslum í námsleyfi lýkur.

7. gr.

Samþykkt umsóknar um launað námsleyfi er við það miðuð að starfsmaður komi aftur til starfa hjá Garðabæ að námi loknu og skal í því efni miðað við a.m.k. þriggja ára starfstíma að loknu námsleyfi í eitt ár. Þegar umsókn hefur verið samþykkt er gengið frá samningi við viðkomandi starfsmann. Við undirritun samnings þarf að liggja fyrir staðfesting frá viðkomandi háskóla um námsvist.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi
bæjarráðs Garðabæjar 22. janúar 2019

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.